

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2020

2023/EES/66/14

frá 23. október 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 frá 27. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir sterka auðkenningu og sameiginlega og örugga opna samskiptastaðla ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta h) í lið 16e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366):
 - i) Í 115. gr. skal 4. mgr. vera svohljóðandi, að því er varðar EFTA-ríkin:

„Þrátt fyrir 2. mgr. skulu EFTA-ríkin tryggja beitingu öryggisráðstafananna sem um getur í 65., 66., 67. og 97. gr. innan 12 mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2020 frá 23. október 2020.““
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 16ea (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2055):

„16eb. **32018 R 0389**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 frá 27. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir sterka auðkenningu og sameiginlega og örugga opna samskiptastaðla (Stjtið. ESB L 69, 13.3.2018, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/389, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 69, 13.3.2018, bls. 23.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 291, 10.11.2022, bls. 50 og EES-viðbætur nr. 74, 10.11.2022, bls. 52.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.